

Föstudaginn 17. marz 1933.

Nr. 48/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Hinna sameinuðu íslenzku verzlana í Likvidation**
(Lárus Jóhannesson)

gegn

**Uppboðshaldaranum á Seyðisfirði
Ara Arnalds bæjarfógeta, Haraldi
Guðmundssyni, f. h. Útvegsbanka
Íslands á Seyðisfirði og Páli Árna-
syni útgerðarmanni.**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Uppboðsgerð ómerkt og uppbóðsafsal ógilt.

Dómur hæstaréttar.

Með skuldabréfi 30. nóv. 1927 veðsetti stefndi, Páll Árnason, áfrýjanda með 1. veðrétti sjóhús sitt, er nefnist „Hrólfur“, og stendur utan við svonefnt Strandberg á Seyðisfirði, ásamt meðfylgjandi lóðarréttindum, til tryggingar skuld, að upphæð kr. 2037,05, ásamt vöxtum og kostnaði af innheimtu, ef til kæmi. Ef staðið yrði í skilum með árlegar, umsamdar afborganir, er vera skyldu kr. 300,00, átti skuldunautur að fá eftir gefnar af skuldinni kr. 537,05. Veðskuldarbréf þetta var þinglesið 3. júlí 1928. Árin 1928 og 1929 voru samtals kr. 500,00, greiddar af skuldinni, en árið 1930 var ekkert greitt. Sakir vanskila þessara voru eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 1537,05 fyrirvaralaust fallnar í gjalddaga á miðju ári 1930. Krafðist áfrýjandi því 17. jan. 1931, að veðið yrði selt samkvæmt ákvæðum 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, eins og heimilað var í veðskuldarbréfinu, á nauðungaruppbóði til greiðslu þessarar upphæðar með vöxtum og öllum kostnaði.

Vara krafa þessi tekin til greina og uppboðið auglýst, eins og lög standa til, og ákveðið, að það skyldi haldið 28. marz 1931. Var meðal annars svo tilskilið í uppboðsskilmálunum, að hæstbjóðandi og næstbjóðandi skyldi standa við boð sín 14 daga eftir uppboðið, en vera lausir, ef boð yrði ekki samþykkt innan þess tíma.

Á uppboðinu var alls ekki mætt af hálfu uppboðsbeiðanda, en uppboðshaldari, hinn stefndi bæjarfógeti, lét uppboðið allt að einu fram fara. Hæstbjóðandi varð umboðsmaður útvegshankans, og nam boð hans kr. 210,00. Fékk bankinn uppboðsafsal um 10 mánuðum síðar, eða 1. febr. 1932, án þess að samþykki uppboðsbeiðanda, sem aðeins gat fengið að mjög litlu leyti kröfu sína greidda af uppboðsandvirðinu, væri fengið.

Uppboði þessu hefir áfrýjandi, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. marz f. á., skotið til hæstaréttar með stefnu 5. apríl f. á., og hefir hann krafizt þess, að uppboðið verði úr gildi fellt og uppboðsafsalið dæmt ógilt, og að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar. Mætt hefir verið í málinu af hálfu allra hinna stefndu, og er það sameiginleg krafa þeirra allra, að ofangreindar aðgerðir uppboðshaldarans verði staðfestar og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Áfrýjandi byggir ógildingarkröfu sína á því, að uppboðshaldarinn hefði alls ekki átt að láta uppboðið fram fara vegna þess, að uppboðsbeiðandi var þar ekki mættur, og að útgáfa afsalsins hafi því einnig verið óheimil. Sú almenna regla lögjafarinnar, að dómsathafnir fari því aðeins fram, að sá mæti við þær, sem um þær biður, verður

einnig talin ná til uppboðs þessa, með því að undantekning frá henni um fasteignauppboð eftir kröfu einstakra manna er ekki að finna. Verður því að taka kröfu áfrýjanda um ógildingu uppboðsins til greina. En þar af leiðir, að útgáfa uppboðsafsalsins án samþykkis áfrýjanda, var óheimil, og verður því einnig að dæma þá athöfn ógilda og ónýta uppboðsafsalið.

Um málskostnaðarkröfuna á hendur uppboðshaldaranum athugast, að hún er í raun rétttri krafa um ábyrgð á hendur honum fyrir dómsathafnir hans. Uppboðinu sjálfu er áfrýjað síðar en svo, að slíkri kröfu megí koma fram samkvæmt 33. gr. hæstaréttarlaganna, en áfrýjunarstefnan er útgefin áður en lögmæltur frestur til þess að bera lög-mæti útgáfu uppboðsafsalsins undir æðra dóm var liðinn, en sú athöfn hins stefnda uppboðshaldara, með þeim hætti, sem hún fór fram, er í raun rétttri aðalástæða áfrýjunar þessa máls. Af þessari ástæðu getur hinn stefndi uppboðshaldari ekki komizt hjá því að verða dæmdur til greiðslu málskostnaðar ásamt hinum meðstefndu. Verður því að dæma hina stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgjörð á að vera ómerk og uppboðsafsalið ógilt. Hinir stefndu, Ari bæjarfógeti Arnalds, Haraldur Guðmundsson f. h. Útvegsbankans á Seyðisfirði og Páll Árnason útgerðarmaður, greiði áfrýjanda, Lárusi

Jóhannessyni, f. h. Hinna sameinuðu íslenzku verzlana í Likvidation, in solidum 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. marz 1933.

Nr. 115/1932. Karl Kristjánsson

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Magnúsi bæjarfógeta Jónssyni, h. h. protabús h.f. Valur (Enginn).

Verkkaup samkv. ráðstöfun byggðri á réttmætum óbeðnum erindisrekstri.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 2. ágúst 1932: Hinir stefndu, bifreiðarstjóri, Helgi Guðmundsson, stórkaupmaður, Ólafur Gíslason og skipstjóri, Guðmundur Magnússon, f. h. h/f „Valur“ í Hafnarfirði, eiga að vera sýknir af kröfum og kærum stefnanda, Karls Kristjánssonar, í máli þessu, er greiði hinum stefndu, f. h. félagsins, 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að því er ídæmdan málskostnað áhrærir, að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi, sem hefir verið löglega stefnt í máli þessu, hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, og er málið því skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn stjórn h/f Valur, en meðan stóð á rekstri málsins var bú hlutafélagsins tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði hins stefnda skiptaráðanda 22. júní 1932,